

Framleiðendapjónusta SAM

HEIMSÓKNIR, SÍMTÖL OG AÐSTOÐ VIÐ ÚRLAUSN VANDAMÁLA

Þrjú ráðgjafar (mjólkureftirlitsmenn) starfa á vegum Framleiðendapjónustu SAM (FP), Kristján Gunnarsson sem sinnir aðallega svæðum MS Akureyri og MS Egilsstöðum, Gunnar Kjartansson sem sinnir aðallega svæði MS Selfossi og Hans Egilsson sem sinnir aðallega svæðum MS Reykjavík, MS Búðardal, MS Ísafirði og KS Sauðárkróki. Þeir fara þó inná hvers annars svæði eftir þörfum. Á árinu 2009 fóru þeir í alls 1.510 heimsóknir. Um 21 % þeirra hafa verið sérstaklega vegna líftöluvandamála, 11% sérstaklega vegna frumutölu og 10% sérstaklega vegna frírra fitusýra. Afgangur heimsóknanna eða um 58% hefur verið vegna blandaðra erinda þar sem ýmist hefur verið um fleiri en einn gæðaþátt að ræða, lyfjatilfelli, almennar úttektir á virkni þvotta og mjaltakerfa eða allmenn ráðgjöf sem nauðsynlegt hefur verið að veita heima á bæ.

Eitt aðalverkefni ráðgjafa FP hefur verið að aðstoða mjólkurframleiðendur við hvers kyns gæðavandamál og skilja þá aldrei eftir með óleyst vandamál, annað hvort bjarga þeim málinu sjálfir eða útvega þá aðstoð eða annað sem vantar í það skiptið í samráði við viðkomandi mjólkurframleiðanda allt eftir eðli vandamálsins. Þeir starfa sem hluti af gæðakerfi mjólkursamlaganna og gæðakerfi viðkomandi mjólkurframleiðanda. Þannig eiga þeir með fyrirbyggjandi aðgerðum að koma í veg fyrir að upp komi vandamál með gæði mjólkur hjá framleiðanda, eða að öðrum kosti að aðstoða mjólkurframleiðandann við að vinna að lausn gæðavandamála eins fljótt og unnt er. Það verklag er viðhaft að fylgst er með gæðaniðurstöðum hvers mjólkurframleiðanda jafnóðum og þær liggja fyrir og ef tilefni er til er haft samband við viðkomandi mjólkurframleiðanda í síma og/eða farið í heimsókn til hans. Fleiri hundruð símtala eru gerð í hverjum mánuði vegna þessa. Það er undantekningarlaus regla að hafa ávallt samband ef um fall er að ræða. Auk þess hafa fjölmargir mjólkurframleiðendur samband í hverri viku. Þetta fyrirkomulag hefur reynst afar vel.

Þrátt fyrir að FP hafi ekki sinnt beinni neyðarþjónustu hafa ráðgjafar hennar verið mjólkurframleiðendum innan handar við að tryggja að þeir fengju slíka þjónustu þegar á hefur þurft að halda. Lögð hefur verið áhersla á að ná góðu samstarfi við þjónustuaðila vegna tækniráðgjafar um allan mjaltabúnað og mjólkurtanka, auk þess sem aukin áhersla hefur verið lögð á að veita þeim aðhald. Þjónusta FP er án endurgjalds en öll aðkoma annarra þjónustuaðila er á kostnað mjólkurframleiðenda. Starfsmenn FP kalla ekki til utanaðkomandi þjónustuaðila án samráðs við viðkomandi mjólkurframleiðanda.

AÆTLANIR Á ÁRINU 2010

Á árinu 2010 verður haldið áfram því góða starfi hjá FP sem verið hefur. Tekið verður sérstakt tillit til nýrra gæðakrafna sem gilda frá 1. febrúar 2010. Einnig verður sérstaklega lögð áhersla á fjögur atriði á árinu:

1. **Fríar fitusýrur.** Mikil áhersla verður lögð á vandamál með fríar fitusýrur (ffs). Þegar hafa verið sendar út kynningar á helstu atriðum sem áhrif hafa á ffs og verður því fylgt eftir með heimsóknum og viðræðum við mjólkurframleiðendur.
2. **Líftala.** Áfram verður lögð mikil áhersla á líftölu, sér í lagi verður áfram unnið að því að stuðla að fækkun svokallaðra "líftöluskota" sem hafa ágerst samfara aukinni tæknivæðingu en sú þróun er í samræmi við það sem hefur gerst í nágrannalöndum okkar.
3. **Lyfjamálefni.** Áfram verður lögð mikil áhersla á lyfjamálefni.
4. **Aðstoð við gerð þjónustusamninga.** Áfram verður boðið upp á að aðstoða mjólkurframleiðendur við að gera þjónustusamninga við þjónustuaðila vegna mjólkurtanka og mjaltabúnaðar. Þetta verður æ mikilvægara.